

Nd.

486. Nefndarátt

um frumvarp til laga um mælitæki og vogaráhöld (þingskj. 360).

Frá allsherjarnefnd.

Í tilsk. 18. júní 1784 var svo ákveðið, að löggilding vogar og mælis í rikjum Danakonungs skyldi heyra undir »magistrat« Kaupmannahafnar, og tók þetta ákvæði einnig til Íslands.

Með lögum 4. maí 1907 var þessu breytt svo, að sjerstök löggildingarskrifstofa var sett á stofn í Danmörku, og lýtur hún innanrikisráðuneyti Dana. En sama skipulag helst enn að lögum hjer á landi. Þetta hefir ýmsum þótt ótækt að öllu leyti, hefir þótt það vera leifar ~~gamals~~ undirlægju-hugsunar-

háttar og innlimunar-hugmynda. Þvi samþykkir Nd. Alþingis 1911 svo látandi þingsályktunartillögu frá þeim dr. Jóni Þorkelssyni og Jóni Jónssyni á Hvanná (Alpt. 1911 A, þingskj. 794):

»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að taka til i-hugunar og væntanlega gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stofna hjer í sambandi við stjórnarráð Íslands skrifstofu, er hafi á hendi rjetting (löggilding) á vog og mæli hjer á landi, og að þau málefni öll, er þar að hniga, liggi undir umsjón stjórnarráðsins«.

Stjórnin virðist alls eigi hafa sint þessu einsæja máli, því að á Alþingi 1915 var samþykkt svo látandi þingsályktunartillaga frá Steingrími Jónssyni, Karli Einarssyni og Hákonu Kristóferssyni (Alpt. 1915 A, þingskj. 1012):

»Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta reglu-legt Alþingi frumvarp til laga um rjettingu (löggilding) á mótmerkingu (just-ering) á mæli og vog, og um rannsókni á og eftirlit með mæli og vog í landinu«.

Þá verandi stjórn taldi málið nauðsynjamál, og árið 1916 var svo undirbúið frumvarp það, sem hjer liggur fyrir. Gerði það forstöðumaður skrifstofu stjórnarráðsins í Khöfn. Og hefir stjórnin borið upp frumvarp hans, nokkuð breytt að orðalagi, á þessu þingi í Ed. Er það hingað komið þaðan, og enn mjög breytt að orðalagi, en eigi að efni. Telur nefndin þær breytingar yfirleitt til bóta, og ræður deildinni til að samþykkja frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.: a) Upphaf greinarinnar verði:
Hver sú verzlun, sem o. s. frv.
b) Fyrir »notfæra« í 1. málsgr. komi:
nota.
2. Við 2. gr.: a) í a. lið falli niður orðin »(sbr. lög . . . 1911)«.
b) í c. lið komi í stað »tækjum til vogar og mælis«:
mælitækjum og vogaráhöldum.
3. Við 3. gr.: a) í 1. málsgr. komi fyrir »útnefnir«:
skipar.
b) 3. málsgr. orðist svo:
Annar kostnaður af löggildingarstofunni skal greiddur með tekjum þeim, er hún fær að lögum. Fjárhagsáætlun hennar skal tekin í fjárlög. Útsöluverð á mælitækjum og vogaráhöldum, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á, skal stjórnarráðið staðfesta.
4. Við 5. gr.: Fyrir: »að hennar dómi eru« komi:
eru að hennar dómi.
5. Við 6. gr.: Fyrir: »jafnframt afmái« í 2. málsgr. komi:
afmái jafnframt.

6. Við 9. gr. a) Úr 1. málsg. 1. setn. hverfi orðið: »eftir«.
b) Í sömu málsg. 2. setn. verði »að hennar dómi fullnægja«:
fullnægja að hennar dómi.
c) Í 2. málsg. síðari setning komi fyrir orðin: »við fyrsta
tækifæri«:
jafnskjótt sem unt er.
7. Við 11. gr. Fyrir: »hjer að lútandi« komi:
um það.
8. Við 13. gr.: Upphaf 2. málsg. verði:
Ef löggildingarstofan æskir þess, skal o. s. frv.
9. Við 14. gr.: 2. málsg. orðist svo:
Þó skal eins fjótt og unt er — í kaupstöðunum í síðasta
lagi áður en ár en liðið eftir að lög þessi hafa öðlast gildi
— framkvæma verklega prófun og merkingu á öllum eldri
löggildingarskyldum mælitækjum og vogaráhöldum, eins og
í 12. gr. getur.
10. Við 16. gr.: Fyrir: »við elli og slit« í niðurlagi gr. komi:
af elli og sliti.

Alþingi, 16. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður og framsögum.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.

Pjetur Ottesen.